

12.03.2025 (#7 2024-2025) kl. 11:00

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Katrín Pálsdóttir, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Jón Axelsson og Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat Geir Ómarsson framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: Jón Orri Jónsson.

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Þríbrautaping 30.3.2025
3. Fjarhagstaða og fjárhagsáætlun
4. Afrekssjóður og Guðlaug Edda – staðan
5. Tímataka 2025
6. Þjálfaramenntun – getum við stutt við ferðalög á mót?
7. Hugmyndir um breytingar á stigakerfi
8. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Þríbrautaping 30.3.2025

Dagsetning fyrir Þríbrautarþing hefur verið ákveðin 30. mars og tímasetning kl 9:00 – 12:00. Stjórn ræddi um skipulag dagsins og hvernig best væri að auglýsa og kynna stjórnarstörf svo megi tryggja að gott fólk veljist inn í stjórn. Geir benti á að mikilvægt væri að fá fólk úr félögunum þannig að öll félögin væru upplýst um störf stjórnar á hverjum tíma. Lagt til að hvetja öll félögin til að tilnefna amk einn í stjórn en í dag eru 5 þríbrautarfélög með starfsemi.

Það þarf líka að finna fólk í nefndir en erfiðlega hefur gengið að manna nefndir og tryggja framgang í nefndarstörfum.

Það vantar gjaldkera og hefur Geir boðist til að segja frá uppgjöri síðasta árs og fjármálaáætlun ársins 2025.

Valarie hyggst tilnefna Hafstein Pálsson sem þingforseta.

ÍsÍ er ekki búin að tilkynna hver kemur frá þeim en eru búin að móttaka fundarboðið.

3. Fjarhagstaða og fjárhagsáætlun

Ársreikningur ársins 2024 er klár en þó ekki endanlegur. Rekstrartekjur eru örlítið hærri en á fyrra ári en rekstrargjöld eru mun lægri sem skýrist fyrst og fremst af lægri lækni- og þjálfunarkostnaði ásamt lægri kostnaði vegna fagteymis. Eignir eru umfram skuldir, rétt rúmlega fimm milljónir.

Fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 liggja fyrir. Gert er ráð fyrir tekjum að upphæð tæplega 19 milljónum og að starfið verði rekið þannig að ekki verði verulegt tap á árinu.

4. Afrekssjóður og Guðlaug Edda – staðan

Guðlaug Edda er búin að skila inn keppnisáætlun fyrir árið 2025. Hún hyggst fara í færri keppnir en vill hafa manneskju með sér. Það þarf að gera við hana samning og það er nú þegar til samningur - 3 hliða samningur - sersambands, keppenda og félags. Stjórn ræddi að gott væri að það lægi fyrir ákvörðun Guðlaugar Eddu um hennar plön varðandi ÓL 2028 áður en skrifað væri undir samning.

5. Tímataka 2025

Tímatökumál hafa verið rædd á mörgum undanförunum fundum og Geir lagði til að ÞRÍ taki tilboði frá Tímatöku upp á 600.000 kr í tímatöku fyrir keppnir sumarsins. Þetta þýðir einnig að keppendur þurfa sjálfir að borga fyrir flögurnar.

Samþykkt

6. Þjálfaramenntun – getum við stutt við ferðalög á mót?

Stjórn ræddi um mikilvægi þess að styðja við menntun þjálfara og samþykkt var að styðja við þjálfara á árinu 2025. Þá var einnig ákveðið að verja 200.000 kr í að styrkja dómara til að viðhalda réttindunum.

7. Hugmyndir um breytingar á stigakerfi

Jón og Geir höfðu hist og rætt mögulegar breytingar á stigakerfi í keppnum sumarsins. Hugmynd er að skipta stigakeppninni í tvennt til að gera kerfið meira hvetjandi fyrir þátttakendur í aldursflokkum. Þó þannig að stig fyrir aldursflokka séu ekki að hafa áhrif á stig í heildar stigakeppni. Jafnvel að það séu sérstök verðlaun/viðurkenningar í aldursflokkum. Hugmynd að útfærslu væri að keppendur fengju sjálfir fyrir efstu sæti í aldursflokki en ekki bara stig fyrir félagið.

Samþykkt var að Jón og Geir myndu taka þessa hugmynd lengra og koma svo fram með vel útfærða tillögu í framhaldinu.

8. Önnur mál

Geir mynnti stjórnarfolk um að hvetja félögin til að opna sem fyrst fyrir skráningu í keppnir sumarsins og í framhaldi barst talið að næsta formannafundi og kom fram tillaga að halda næsta formannafund miðvikudaginn 23. apríl kl 19:30.

12. mars 2025
7. fundur 2024-2025



Samþykkt

Valerie upplýsti að Europe Triathlon keppnin hefði verið færð og væri nú sett á sömu helgi og Ofursprettþraut 3N, eða síðustu helgina í ágúst. Það þarf að ræða þetta við forsvarsmenn 3N og hvernig eða hvort þau hygðast bregðast við.

Fundi slitið kl.12:20

Næsti stjórnarfundur

Ákveðið var að boða ekki til fundar fyrr en eftir þríþrautarþing sem haldið verður 30. mars 2025.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum